



8. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Þriðjudagur 26. september 2023 kl. 16:30

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður, Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) gjaldkeri, Ágúst Angantýsson (ÁA), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Einar Hannesson (EH).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu: Herbert Arnarson (HA) og Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Samningur við körfuknattleiksdómara KKDÍ

Samninganefndir félaganna og KKDÍ hafa náð samkomulagi um gjaldskrá og almennan samning um störf körfuknattleiksdómara. Skrifað var undir samninginn síðasta fimmtudag, 21. september. Sama dag var boðað til þessa stjórnarfundar og formannafundar til að klára formlega afgreiðslu.

Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með samninginn og þá vinnu sem unninn hefur verið undanfarna mánuði. Samningurinn og gjaldskrá verður því lagður fyrir formannafund sem fer fram síðar í dag.

2. Önnur mál

a) Næsti fundur verður mánudaginnn 2. október kl. 17:00.

Fundi slitið 17:10